

Nd.

7. Frumvarp til laga

um bann gegn minkaeldi o. fl.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Frá 1. janúar 1944 skal minkaeldi með öllu bannað í landinu, og skal öllum aliminkum lógað fyrir þann tíma.

2. gr.

Frá sama tíma skal veita verðlaun úr ríkissjóði fyrir dráp villiminka, 50 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er.

3. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, svo sem um eftirlit með eyðingu aliminka samkv. 1. gr. og um það, hverra sannana beri að krefjast fyrir drápi villiminka til þess að verðlaun megi veita. Í reglugerð skulu sett ákvæði um viðurlög fyrir brot gegn 1. gr., þar á meðal um upptöku dýrastofns og búra, og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fékk ekki afgreiðslu á þingi því, sem nýlega var lokið. Með hverjum deginum, sem líður, kemur betur og betur í ljós, hver þörf er á því, að hér sé tekið í taumana. Því er frumvarp þetta flutt að nýju. Greinargerð sú, sem því fylgdi upphaflega, er á þessa lund:

Það eru allar horfur á, að það sé nú komið á daginn, sem spáð var af ýms-um, þegar leyfður var innflutningur til landsins á minkum, að af innflutningi þessara harðgerðu, grimmu og blóðþyrstu dýra gæti stafað mikil hættu, ekki einasta fyrir dýra- og fuglalífið í landinu, heldur gæti einnig svo farið, að með þessu til- tæki væri stefnt til eyðingar á lax- og silungsstofni í ám og vötnum. Hinn mikils- metni og góðkunni náttúrufræðingur Guðmundur Bárðarson ritaði grein um þessar mundir í Náttúrufræðinginn, þar sem hann varar mjög við þessum innflutningi. Mér þykir ástæða til að taka upp í þessa greinargerð hluta af þessari ritgerð hins merka náttúrufræðings. Segir hann svo meðal annars:

„Nýlega hafa verið flutt hingað til Íslands lítil rándýr, sem nefna mætti **sund- merði** (eru þeir ættaðir frá Norður-Ameríku og kallast **mink**, *Putorius vison*). Skinn þeirra þykja verðmæt vara. En þeir eru gráðug og slungin rándýr og láta fá dýr í friði, sem þeir ná til og ráða við. Sækja þeir mjög eftir alifuglum og villifuglum og beita mikilli kænsku og eru auk þess sunddýr á við otur og veiða bæði laxa og silunga og spilla sums staðar veiði í ám og vötnum. Það mun vera svo til ætlazt, að

sundmerðirnir verði aldir hér i búrum, og treysta sumir því, að þeir munu ekki sleppa. En verði sundmerðirnir víða aldir hér á landi, má ganga út frá því sem vísu, að einhverjir munu sleppa og gerast villtir. Það er engin leið að hafa svo öruggt eftirlit með vörzlum þeirra á mörgum uppeldisstöðum, að eigi geti út af borið. — Það er kunnugt, að refir hafa oft sloppið úr girðingum, þar á meðal silfurrefir, og hefur þó gæzla þeirra verið tryggð eftir fongum og missir þeirra verið eigendunum mikill skaði. Þó eru refirnir ekki eins ísmeygileg dýr og ekki eins góðir að klifra og sundmerðirnir.

Talið er, að sundmerðirnir gangi næst hreysiköttunum að grimmd, kænsku og áræði, og þeir eru mestu vágestir meðal alifugla. Þeir liggja í leynum i holum og fylgsnum, þar sem slíkra veiðifanga er von á bæjum, og verða menn þeirra oft ekki varir fyrr en þeir hafa höggvið talsvert skarð i fuglahjörðina. Þeir ásækja og alls konar villifugla og hreiður þeirra og hafa það fram yfir refi, að þeir geta bæði synt og klifrað þangað, sem fuglar verpa. Ef þeir verða hér villtir og breiðast hér út, gæti æðarvarpinu stafað stórhætta af þeim, því að æðarfuglinn væri eigi lengur öruggur með hreiður sín i umflotnum eyjum og skerjum, sem honum hafa dugað gegn tófunum. Æðarungum mundi og stafa mikil hætta af þeim i fjörum, þar sem kollurnar leita á land til hvíldar með ungana. Sundmörðurinn gæti og elt ungana á sundi og kafað eftir þeim. Í sömu hættu væru og endur, sem halda til með unga sína á tjörnum og vötnum.

Einnig er hætt við, að unglömbum stafaði hætta af sundmörðunum, og mundi þá fjármönnum reynast miklu örðugra að verja unglömbin fyrir þeim en tófunum. Það er kunnugt um hreysikettina, náfrændur sundmarðanna, að þeir ráðast oft á miklu stærri dýr en þeir eru sjálfir, t. d. héra, og hafa þá aðferð að stökkva upp á hrygg þeirra, halda sér þar föstum, bíta á hálsæðarnar og drekka blóð þeirra, unz þau hniga i valinn á flóttanum. — Sumir trúá því, að sundmerðir geti eigi þrifizt hér á víðavangi, og því muni það hættulaust, þó að nokkrir sleppi úr búrum. — En sundmerðirnir eru snjallir i því að laga sig eftir þeim hjargræðisskilyrðum, sem völ er á. Þegar fátt er um veiðidýr á landi, leita þeir i fjörur og nærast á skelfiski, sem i fjörunum finnst, eða kafa eftir slíkri björg. Þeir lifa á rottum og músun og leita heim undir bæi, þegar hart er um æti, og sitja þá um alifugla.

Ég tel það mjög misráðið að leyfa að flytja hingað slík dýr sem þessi af marðarættinni. Væri hyggilegast að banna allan innflutning á sundmörðum, en hafa þann stofn, sem þegar er kominn hingað, i strangri gæzlu, þangað til hann verður upprættur, og þyrfti það að verða sem fyrst.“

Þetta er óneitanlega athyglisverð aðvörun, og hefur reynslán þegar sýnt, að hún er á rökum reist.

Nú eru liðin tólf ár síðan þessi innflutningur hófst, og allt virðist benda til, að víðast hvar, ef ekki alls staðar þar, sem tekið hefur verið upp minkaelði, hafi meira og minna af minkum sloppið úr girðingum. Mest brögð að þessu hafa þó verið i Reykjavík og nágrenni, og er það ekkert óeðlilegt i sjálfu sér, því að um $\frac{3}{4}$ minkastofnsins mun vera á þessu svæði.

Árið 1939 var farið að kveða svo mikið að villiminkum i nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, að þáverandi landbúnaðarráðherra fól loðdýraráðunaut að hefjast handa um eftirlit með minkabúrum og að gera gangskör að því, að hafin yrði herferð gegn villiminkafaraldrinum, og var heitið verðlaunum i því skyni. Árið eftir munu framkvæmdir i þá átt að herja á villiminkana hafa að mestu legið niðri, enda var loðdýraráðunautur, sem stóð fyrir þessum framkvæmdum, þá erlendis. Eftir heimkomu hans var aftur hafin herferð á þennan ófögnuð, sem mjög hafði þá færzt i aukana og framdi spellvirki á landi og i legi. Á síðastliðnum tveimur árum hafa verið drepnir um 70 villiminkar, flestir i nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þar á meðal einn inni á Austurvelli. Á þessum slóðum er aðaladsetur villiminkanna talið vera i Hafnarfjarðarhrauni og við Elliðaár og Elliðavatn. Er einkum talið, að mjög krökkt sé af þeim meðfram Elliðaánum. Er

það eðli þessara rándýra að grafa sig niður í ár- og lækjarbakka, þar sem veiði er von. Geta þeir þá skotizt úr holum sínum, sem hafa margar útgöngudyr, hvort þeir heldur vilja í vatnið til fiskifanga þar eða á land upp, því að dýr þessi eru jafnvíg á það hvort tveggja að veiða fisk og drepa dýr og fugla. Þykjast veiðimenn, er laxveiðar stunda í Elliðaám, hafa orðið þess mjög varir, síðan vargur þessi tók sér bólfestu við árnar, að laxar, sem þeir veiða, séu oft rifnir mjög og illa leiknir, og það er álitid, að það sé af völdum minkanna. Má geta nærri eftir þessari viður-eign minkanna við fullorðna laxinn, að þeir þurfa ekki að taka nærri sér að svelgja í sig laxaseiðin, sem eru af þeirri stærð, áður en þau ganga til sjávar, að hvert þeirra er réttur kjaftbiti handa þeim. Eigi má heldur leggja af sér dauðan lax á landi við árnar, því minkarnir eru þá óðara farnir að gæða sér á þeirri krás. — Einnig hefur orðið vart við minka við fleiri veiðiár á þessu svæði, eins og t. d. við Leirvogsa og Köldukvísl. — Af þeim 70 minkum, sem getið er um hér að framan, að drepnir hafi verið, voru 40 lagðir að velli á s.l. ári. Auk þess sem herjað hefur verið á minkana með skotum og grjótkasti, þá hefur og verið gripið til þess ráðs að eitra fyrir þá og auk þess komið fyrir vitisvélum við holur minkanna og hibiýli. En það er mál manna, að þrátt fyrir allt þetta sjái tæplega högg á vatni. Er þegar búid að verja úr rikissjóði 2500 kr. í þetta minkastríð.

Þá hefur orðið upp á síðkastið allmikið vart við villiminka uppi í Borgarfirði, einkum í Lundarreykjadal. Hafa villiminkarnir þar einkum tekið sér aðsetur við Reyðarvatn, sem er nokkuð fram af byggðinni, og er þar gnægð af silungi. Einnig hefur þeirra orðið vart meðfram Tunguá og Grímsá. Leikur mikill grunur á, að villiminkar hafi lagzt á unglömb á s.l. vori á bæ einum framarlega í dalnum, og styðja ummæli Guðm. Bárðarsonar það, að svo geti verið. Voru lömb þessi bitin á barkann og sögið úr þeim blóðið, en hræ þeirra lítt étin. Fé bænda af þessum slóðum heldur sig mikið meðfram ám þessum og í kringum Reyðarvatn, því þar eru afréttarlönd góð.

Þá er og á því sterkur grunur, svo að nærri stappar vissu, að aligæsir hafi orðið villiminkum að bráð á bæ einum neðarlega í dalnum, á bakka Grímsár. Þarna á þessum slóðum hafa villiminkar hin beztu og ákjósanlegustu lifsskilyrði, — gnægð af fiski í ám og vötnum auk annars veiðiskapar á þurra landinu, og fylgsni eru þarna nóg. Er nánar frá þessu skýrt í bréfi, sem birtist nýlega í Morgunblaðinu, frá bónda í Borgarfirði.

Þá hefur og orðið vart við minka í Botnsdal við Hvalfjörð. Guðbrandur Ísberg, sýslumaður á Blönduósi, hefur skrifað ritstjóra Morgunblaðsins bréf, sem nýlega birtist í blaðinu ásamt bréfi frá honum til landbúnaðarnefnda Alþingis og landbúnaðaráðuneytisins, en þau fjalla öll um hættu þá, sem stafar af villiminkum. Er í bréfum þessum mjög sterklega varað við þessari yfirvofandi plágu og færð fyrir því mörg sterk og veigamikil rök, að bannað verði með öllu minkaeldi og gangskör að því gerð, að skorin verði upp herör til þess að útrýma þessum bitvargi láðs og lagar. Kemur það skýrt fram í þessum bréfum Guðbrands sýslumanns, að þessi plága hefur einnig heimsótt Norðurland og er þar í uppsiglingu.

Á skal að ósi stemma, og þótt segja megi, að því hafi helzt til seint verið gaumur gefinn, hver vó hér er fyrir dyrum, þá er samt betur seint séð en eigi.

Það er ekki lengur við það hlítandi, að þjóðin ali þann snák við brjóst sér, sem henni stafar sliik hættu af. Meðan leyft er minkaeldi í landinu, eykst villiminka-hjörðin endalaust, því reynslan hefur staðfest það svo greinilega, að eigi verður um deilt, að það var rétt, sem Guðm. Bárðarson hélt fram þegar í öndverðu, að minkum yrði eigi haldið í búrum og ganga mætti út frá því sem visu, að einhverjir mundu sleppa.

Það er því óumflýjanlegt, eins og komið er, að banna allt minkaeldi. Sú fjölgun, sem stafar af viðkomu hinna villtu dýra, sem nú eru dreifð um landið, mun reynast nógu erfið við að fást og það svo, að þar sé ekki á bætandi. Talið er, að hvert dýr geti átt 1—10 unga í hvert skipti, en oftast 3—6.

Í þessu frv. er lagt til, að búið verði að lóga öllum aliminkum fyrir næstu áramót. Þetta tímatakmark er sett með það fyrir augum, að þá eru skinnin verðmest. Af þeirri ástæðu er lagt til, að þessi frestur verði gefinn.

Verðlaunaveitingar þær, sem um ræðir í frv., 50 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er, virðast eigi mega öllu minni vera, þegar á það er litið, hver höfuðnaðsyn það er, að einskis sé látið ófreistað til þess að ráða niðurlögum þessa skemmdarvargs. Þá þykir rétt að láta ákvæði þessi koma til framkvæmda um leið og endi er bundinn á minkaeldið.

Gera má og ráð fyrir nokkrum kostnaði við eitrun og kaup á sprengjum, því á hvoru tveggja þessu mun þurfa að halda, ef nokkur von á að vera um það, að þessi ófögnuður verði kveðinn niður. Að sjálfsögðu mun verða haldið í horfi með eyðingu minka á þessu ári undir yfirumsjón loðdýraráðunauts, eins og verið hefur, en sérstök ástæða er til þess, að þess sé vel gætt á tímabili því, sem líður frá því að frv. þetta verður að lögum og þangað til ákvæðum 1. gr. um bann gegn minkaeldi er fullnægt, að eigi verði veitt verðlaun fyrir dráp annarra minka en villiminka.

Sennilega hefur aldrei flutzt til landsins jafnhættulegur bitvargur og minkarnir eru. Tófunni er haslaður völlum á fjöllum uppi að mestu, þar leitast hún fullnægingar sinna þarfa, að visu oft á kostnað búandans. Eigi drepur tófan heldur meira að jafnaði en kviðfyllisþörf hennar og skylduliðsins krefst í hvert sinn. En minkurinn er ekki við eina fjölinna felldur í þessu efni, fullnæging hans í því að seðja hungur sitt og drápfýsi er ekki bundin við þau gæði ein, sem við landið eru tengd. Hann er, eins og fyrr segir, jafnvígur til fiskifangs sem fugla- og dýraveiða. Og þó að t. d. unglömbum og fuglum láðs og lagar sé af þessum völdum mikil hætta búin, þá er fiskstofninum í ám og vötnum ef til vill í enn meiri hættu stefnt með hingaðkomu þessara harðgerðu og slyngu veiðidýra.

Íslendingar eiga mikinn fjársjóð fólgin í ám og vötnum þessa lands. Lax- og silungsveiði er hvort tveggja í senn gagnsamleg og fjölda manna það viðfangsefnið, sem mesta ánægju og unað gefur. Eftirspurn útlendinga og áhugi fyrir laxveiðum hér á landi, eins og hann birtist í sívaxandi mæli síðustu árin fyrir stríðið, var augljós og órækur vottur þess, hve mikill gjaldeyrisöflunarmöguleiki er fólgin í því að leigja útlendingum laxveiðiárin.

Það mundi því þykja skarð fyrir skildi, ef fiskstofninn í ám og vötnum yrði minkavarginum að bráð. Mættu það heita hatramleg syndagjöld.

Æðarvarpinu stafar að visu nokkur hætta sums staðar af tófunni, en hvað er það hjá þeirri hættu, sem vofir yfir varpinu af völdum minkanna, sem eru bæði láðs og lagar dýr og mundu ekki vila fyrir sér að þreyta sund um vikur og voga út í eyjar og hólma, hvort heldur er yfir eða undir sjávarborði. Hið sama má segja um andavarpíð, sem sums staðar er til mikilla nytja. Má í því sambandi benda á, hverjar búisfjar það mundu vera fyrir Mývetninga, ef minkar tækju sér hólfestu við Mývatn, en þar er mest andavarp á landi hér auk silungsveiðinnar.

Þá er minkurinn gæddur þeim hæfileika að geta klifrað stall af stali um björg og kletta og sótt þangað egg og fugla.

Loks er minkurinn haldinn því grimmdareðli, að hann drepur allt, sem hann nær í og ræður við, án afláts og tillits til þarfarinnar, eingöngu af áskapaðri drápgirni og blóðþorsta.

Það má því öllum vera ljóst, hver þörf er á því, að hér séu reistar skorður við.